

LEIKSKÓLINN

Marbakki



LEIKSKÓLINN MARBAKKI

marbakkabraut 4 - 200 kópavogur - sími 5701651 - netfang marbakki@kopavogur.is

Efnisyfirlit

Velkomin í leikskóla

Saga leikskólans

Kynning á starfsfólki leikskólans

Starfsfólk leikskóla

Að byrja í leikskóla – Aðlögun

Leikskólastarf – Námskrá leikskóla

Leikskólanám

Leikurinn

Samskipti

Leikskóla-Perlan

Sérstök hugmyndafræði – Stefna leikskólans

Námssvið leikskóla

Málrækt

Hreyfing

Tónlist

Myndsköpun

Náttúra og umhverfi

Menning og samfélag

Daglegt líf

Dagskipulag

Matartímar

Svefn og hvíld

Hreinlæti

Frágangur og snyrtimenska

Að klæða sig (úr og í)

Samverustundir

Útivera

Vettvangsferðir

Hópvinna/Þemavinna

Val

Elstu börnin

Sérkennsla

Lífsleikni

Samstarfsaðilar

Ársáætlun -Ársskýrsla

Foreldrasamvinna

Foreldraviðtöl

Foreldrafundir

Fréttabréf

Upplýsingatöflur

Opið hús

Foreldrafélag

Hagnýtar upplýsingar

Að koma og fara

Afmæli barnanna – Þegar börn hætta

Persónulega hirslan

Leikföng

Klæðnaður barna

Óhöpp, slys og veikindi

Fjarvistir barna

Breytt heimilisfang og breytingar á högum

Dvalarsamningur

Dvalartímar

Dvalargjöld - Skipulagsdagar

Sumarleyfislokun. Aðfangadagur og gamlársgangur

Fræðslu- og menningarsvið

Til: _____

Einkunnarorð leikskólans Marbakka:

Sjálfstæð, glöð og skapandi börn

Um leikskólann Marbakka.

Leikskólinn Marbakki var opnaður í maí 1986. Hann er staðsettur í íbúðarhverfi við sjávarsíðuna og ber nafn af því. Deildir leikskólans voru upphaflega þrjár en árið 2009 var byggt við skólann tvær deildir. Leikskólinn er fyrir börn frá eins árs aldri. Bakki er fyrir 1-2 ára börn, Ból fyrir 2-3 ára, Ós fyrir 3-4 ára, Lundur fyrir 4-5 ára og Lækur fyrir 5-6 árabörn. Leikskólinn er opinn frá kl. 7.30 árdegis - 17.00 síðdegis.

Netfang leikskólans er: marbakki@kopavogur.is

Vefslóð skólans er: <http://marbakki.kopavogur.is>

Aðalsímanúmer leikskólans er:	570-1650
Beinn sími leikskólastóra er:	570-1651
Beinn sími á Lundi er:	570-1653
Beinn sími á Læk er:	570-1654
Beinn sími á Ósi er:	570-1657
Beinn sími á Bakka er:	570-1658
Beinn sími á Bóli er:	570-1659



Kynning á starfsfólki leikskólans

Leikskólastjóri: _____

Aðstoðarleikskólastjóri: _____

Deild barnsins: _____

Deildarstjóri: _____

Starfsfólk deildarinnar: _____

Annað starfsfólk: _____

Matráður/starfsfólk í eldhúsi: _____

Formaður foreldrafélags: _____ **sími:** _____

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

Leikskóla-sérkennari, leikskólakennari, þroskaþjálfari eða leiðbeinandi starfa á deildum vegna sérkennslu einstakra barna.

Leikskólasérkennarar með umsjón starfa við sérkennslu en hafa auk þess yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum og eru til ráðuneytis.

Matráður og starfsfólk í eldhúsi sér um matartilbúning og þvotta.

Ræstitæknar sjá um þrif.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.



Að byrja í leikskóla - Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra/forráðamenn þess. Allt er framandi og því er reynt að standa vel að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Foreldrar eru boðaðir í viðtal hjá starfsfólki á viðkomandi deild áður en barnið byrjar í leikskólanum.

Meðan á aðlöguninni stendur er mikilvægt að báðir foreldrar/forráðamenn kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni.

Mikilvægt er að standa vel að því þegar barn færast milli deilda. Sú aðlögun er í umsjón starfsmanna, nema annað þyki nauðsynlegt.



Leikskólastarf - Námskrá leikskólans

Leikskólastarf á Íslandi byggist á lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út. Leikskóli er lögum samkvæmt uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem börn læra og þroskast í leik. Leikskólauppeldi er sérstakt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra.

Í Kópavogi er unnið eftir jafnréttisáætlun sem hefur það að markmiði að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni m.a. til að jafna stöðu kynjanna og veita börnum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna.

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs felur í sér ábyrga umgengni og virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.

Í lögum um leikskóla eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið:

- * *Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.*
- * *Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.*
- * *Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.*
- * *Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra. .*
- * *Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun.*
- * *Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í heim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta.*

Leikskólanám

Í námskrá leikskólans er tekið á fjölmörgum þáttum sem barnið er að tileinka sér og læra í samvinnu og samskiptum við aðra í leikskólanum.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagshæfni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni, siðgæði og siðgæðisvitund.

- **Nám í leik**

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna.

- **Nám í samskiptum**

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra.

- **Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun**

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að sýrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni.

- **Nám í daglegu lífi í leikskóla**


Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins. Hann er kennsluáðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér sama og að læra og leita sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur er talinn “leikur leikjanna”. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í leik. Leikurinn fær góðan tíma í daglegu starfi leikskólans og lögð er áhersla á að örva ímyndunar- og hlutverkaleiki sem mest.

Samskipti í leikskólanum skipta miklu máli. Börnin eru í samskiptum við mörg börn allan daginn, í litlum eða stórum hópum. Börnin eru hvött til að sýna öðrum börnum umburðarlyndi og hjálpssemi. Samvinna, samkennd, tillitsemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægur þáttur í félagsþroska barna.

Stuðlað er að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum drengja og stúlkna.

Perlan



Sérstök hugmyndafræði – “Stefna leikskólans”

Leikskólastarfið á Marbakka byggir á lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Auk þess styðjumst við hugmyndafræði sem kennd er við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu, og er hún aðlöguð að íslenskum aðstæðum og menningu. Hugmyndafræðingurinn á bak við starfið í R.E. er dr. Loris Malaguzzi.

Í Reggio Emilia leggja ráðamenn höfuðáherslu á uppeldisskilyrði barnanna í borginni.

Megináherslur í hugmyndafræðinni eru að bera virðingu fyrir getu barna og að þau **afli reynslu og þekkingar á eigin forsendum**, það er að þau noti tilfinningar, hreyfingar, sjónræna skynjun, leik, skapandi starf o.s.frv. Það að vera metinn að verðleikum gefur börnunum tilgang og stuðlar að sjálfsprottnum áhuga þeirra. Sá sem trúir á og þekkir sjálfan sig á auðveldara með að takast á við lífið á opinn og sjálfstæðan hátt.

Í öllu starfi er lögð áhersla á barnið sjálft, persónuþroska þess og því hjálpað að gera sér grein fyrir tilveru sinni. Hver er ég? Hvað get ég? Hvernig er ég? Einnig er lögð áhersla á að börnin læri að uppgötva og nota líkama, látbragð, hreyfingar, mál, hugsun, tilfinningar og hugmyndaflug.

Áhersla er lögð á að **þroska öll skilningarvit**, örva börnin til að nota öll sín ”100 mál” þ.e.a.s. forvitni, ímyndunarafl, sköpunargleði, skynjun, hugsun o.s.frv. Með hjálp allra skilningarvita öðlast barnið reynslu. Það finnur, skilur og túlkar. Þekking sem þannig byggir á eingin reynslu eykur mótstöðuafli barnanna gegn því að verða sljóir viðtakendur.

Til þess að verða **virkur og skapandi einstaklingur** í samfélaginu er börnunum kennt að skilgreina hlutina, sjá þá innan frá og frá öllum hliðum, skynja margbreytileika þeirra, ígrunda og taka í lokin afstöðu. Með þessu mótast gagnrýnin hugsun.

Mikilvægt er að gefa börnunum tíma til umræðna, hlusta á þau og setja sig inn í hugarheim þeirra. Skráning er hluti af starfinu þ.e.a.s. að skrifa niður frásagnir, ljóð sögur og samtöl barnanna. Ljósmyndir myndbandsupptökur o.s.frv. heyra einnig til skráningar. Með því að skrá getum við komist nær börnunum til að skilja hvað þau eru að hugsa og uppgötva.

Starfsfólk leikskólans hefur mikilvægu hlutverki að gegna í öllu námi barna. Mikilvægt er að gefa starfsfólki kost á að njóta hæfileika sinna og að það fái tækifæri til að þróa sig í starfi.

Hugmyndafræði Reggio Emilia gerir ráð fyrir góðu foreldrasamstarfi og virkni foreldra í leikskólastarfinu þ.e.a.s. að þeir séu ekki aðeins þiggjendur heldur gæti að hagsmunum barnanna og leikskólans.

Leikskólakennarar á Marbakka hafa fengið styrk úr þróunarsjóði leikskóla/menntamálaráðuneytinu til að þróa starf sitt og sú þróun heldur stöðugt áfram.

Leikskólinn á ýmsar bækur/gögn um hugmyndafræðina sem foreldrum er frjálst að skoða/lesa. Hafið samband við leikskólastjóra ef áhugi vaknar.

Námssvið leikskólans

Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik og daglegt líf.



Málrækt fléttast inn í flesta þætti leikskólastarfsins. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Lögð er áhersla á að barnið fái að tjá hugsanir sínar og tilfinningar og færa rök fyrir máli sínu, jafnframt því að hlusta á aðra og leysa ágreiningsmál með því að nota málið. Lögð er áhersla á að börnin hlusti á gott mál og að vel sé vandað til vals á bókum.

Hreyfing er mikilvæg fyrir alhliða þroska barna. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og gleði. Hreyfiþörf barnanna er virt og örвуð og þau læra að þekkja og skynja líkama sinn og getu.

Í Marbakka er lögð áhersla á almenna hreyfingu í útiverunni.



Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast fjölbreytta tónlistarreynslu og kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Stutt er við sjálfsprottinn söng barnanna, tilraunir með hljóðgjafa, hlustun, rím og hreyfingu.

Myndsköpun er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Sköpun barnsins byggist á skynjun þess og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst í myndsköpun og noti fjölbreytilegan efnivið og áhöld. Sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman, því skapandi starf eflir alla þroskaþætti barnsins.



Náttúra og umhverfi er þýðingarmikil fyrir þroska barna. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd. Þau kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, veðrinu, árstíðarskiptum og breytileika gróðurs og fuglalífs.

Menning og samfélagsþátttaka leikskólabarna er ótvíræð. Hátíðir, hefðir og siðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum er lögð rækt við ýmsan þjóðlegan fróðleik. Börnunum læra gamlar þulur og kvæði og fara í ýmsa leiki. Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu skólans, við höldum fullveldisfagnað 1. desember, jólaball, þorablót, öskudagshátíð, vorhátíð og fleira.

Daglegt líf í leikskóla

Eins og fram hefur komið fléttast námssvið og námsþættir inn í daglegt líf og leik barnsins. Borðhald, hvíld, hreinlæti og að klæða sig úr og í, eru mikilvægir þættir í námi barnsins. Börnin hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfa, það eykur sjálfstæði þeirra og styrk. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Leikskólastarfinu er skipt í ýmiskonar leik, náms- og samverustundir.



Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans og ákveðnar tímasetningar gefa starfinu ákveðna festu og veita hverju barni öryggi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30. til kl. 17:00.

7:30	leikskólinn opnar
8:00-11:00	morgunmatur Skipulagt starf/ útivera/frjáls leikur
11:00-13:00	Söngfundur/ hádegismatur/ hvíld
13:00-15:00	Skipulagt starf/ útivera/frjáls leikur
15:00-15:30	Nónhressing
15:30-17:00	Tiltekt á deildum / rólegir leikir
17:00	leikskólinn lokar

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi. Mikil áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matseðill er kynntur foreldrum. Annan hvern dag er létt máltíð í hádegi. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna t.d. um hollustu, tannhirðu og fl.

Starfsfólk matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Börnin leggja á borð og sækja matinn í eldhúsið. Þau skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt og ganga frá. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar.

Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra.

Svefn og hvíld er öllum börnum nauðsynleg. Lögð er áhersla á kyrrláta hvíldarstund á degi hverjum þar sem yngstu börnin sofna en þau eldri hlusta á sögu eða rólega tónlist.

Hreinlæti er liður í uppeldisstarfinu og er börnunum hjálpað við að tileinka sér góðar venjur, s.s. að þvo hendur fyrir máltíðir, eftir útiveru og salernisnotkun. Þannig þroska börnin með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns og umhirðu.

Frágangur og snyrtimennska er einn liður í uppeldi og menntun barnanna. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum. Lögð er áhersla á að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og þeim leikföngum og efnivið sem þau eru að vinna með hverju sinni.

Að klæða sig úr og í er liður í námi barnsins í leikskólanum. Börnin klæða sig að mestu sjálf, en fá þá hjálp og hvatningu sem þau þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmýnd.

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félagsþroskann og málörvunina. Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Börnin tjá sig og læra að hlusta á aðra. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum er til umfjöllunar svo og heiti daganna, mánaðanna og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar. Á hverjum degi eru margar og ólíkar samverustundir og bera nöfn eins og t.d. vinnufundir og söngfundir, einnig eru óformlegar samverustundir ýmiskonar.

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi jafnt sumar sem vetur. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst og býður upp á góða hreyfingu. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Börn skemmta sér ekki síður úti í “fjörugu veðri” það er spurning um viðhorf.

Í Marbakka er lögð áhersla á að börnin njóti útiverunnar og margt gert til að svo megi vera, börnin fara alla jafna út á hverjum degi en ekki alltaf öll samtímis. Jafnhliða hollri útiveru gefur þessi þáttur ómæld tækifæri til sjálfshjálpar. Mikil áhersla er lögð á að gefa börnunum tíma í fataklefanum og styrkja þau í því að klæða sig í og úr sjálf og jafnvel hjálpa hvert öðru.

Vettvangsferðir auka víðsýni barna og koma þeim í tengsl við umhverfi sitt og menningu. Börnin í leikskólanum fara í ýmsar lengri og skemmri vettvangsferðir. Ýmist er farið með litla eða stóra hóp. Oft tengjast ferðirnar því starfi sem er í gangi inni á deildunum. Reynt er að fara í hópferðir árlega sem eru greiddar úr foreldrasjóði.

Hópvinna í skipulögðu starfi eflir félagsþroska barna. Markmið hópvinnu er að börnin læri að starfa í hóp, litlum eða stórum, að sameiginlegu markmiði. Börn sem eru saman í hóp læra að þekkja hvert annað og treysta hvert öðru og það er grundvöllur að góðu samstarfi. Sú leið sem farin hefur verið til að nálgast markmið leikskólans er m.a. Stöðvavinna. Í Stöðvavinnu er verkefnið sjálft ekki endilega aðalatriðið heldur þær fjölmörgu hugmyndir sem koma fram og þær ólíku leiðir sem farnar eru að því að vinna verkefnið. Börnin læra á eigin forsendum með því að nota skilningarvit sín og forvitni. Farið er ítarlega yfir viðfangsefnið og hver þáttur skoðaður frá ólíku sjónarhorni og staldrað við hvert smáatriði. Stöðvavinna eða annað skipulagt starf er tvisvar sinnum í viku og stendur yfir í 1-2 klukkustundir. Unnið er í hópum sem geta verið mismunandi stórir allt eftir aldri og áhuga barnanna.

Stöðvavinna/Val grundvallast á hugmyndum um áhugahvöt og virkni barnsins. Stöðvavinna/Val á að stuðla að sjálffræði og sjálfstæði barnanna og einnig gefur valið kost á fjölbreyttum viðfangsefnum og verkefnum fyrir börnin og nýtir vel húsnæði og búnað leikskólans. Í Stöðvavinnu er aldrei fullt á svæðunum, heldur eru svæðin stækkuð og starfsmönnum fjölgað ef mörg börn velja á sama svæði.

Elstu börnin vinna saman samkvæmt sérstakri námskrá leikskóla Kópavogs fyrir elstu börnin. Námskráin nær til allra þátta í leikskólastarfinu og hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla eru lagðar til grundvallar. Sérstök áhersla er á lýðræðisleg vinnubrögð.

Elstu börnin vinna einnig saman að sérstökum verkefnum. Áhersla er lögð á að þetta eru leikskólaverkefni og hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla eru lagðar til grundvallar. Með ýmsum krefjandi verkefnum, læra þau að fullvinna verk sín, þjálfa einbeitingu, færni og úthald. Börn sem verða 6 ára á árinu fara í útskriftarferð (dagsferð) að vori.

Sérkennsla

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Sum þeirra eru fötluð eða þurfa af ýmsum ástæðum sérkennslu. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskólaladvalar sinnar.

Lífsleikni er nýtt hugtak í námskrá leikskóla. Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft í samskiptum við aðra. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Börnin þurfa að fá tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

Umhverfisfræðsla og verndun náttúrunnar er hluti af lífsleikninámi barnanna.

Samstarfsaðilar

Leikskólinn hefur samvinnu við ýmsa aðila. Hér er átt við aðra skóla, heilsugæslu, ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu og barnarverndaryfirvöld. Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og hefur það að markmiði að auðvelda barni að flytjast milli skólastiga og að samfella og stígandi skapist í námi og starfi barnsins.

Ársáætlun - Ársskýrsla

Leikskólinn vinnur áætlun fyrir væntanlegt leikskólaár og einnig ársskýrslu vegna liðins árs. Ársáætlun og ársskýrsla eru kynntar foreldrum.

Foreldrasamvinna og upplýsingagjöf

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Við hvetjum báða foreldra til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni. Leikskólastarfið er í raun samvinnuverkefni starfsfólks, foreldra og skólafyrvalda. Það er mikilvægt að allir þessir aðilar leggi sig fram um að gera starf og orðspor leikskólans sem best. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og taka þátt í starfinu. Hafið samband við deildarstjóra ef þið óskið eftir að dvelja í leikskólanum.

Eins og fram hefur komið hér að framan eru starfsmenn leikskóla bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að verða áskynja í leikskólanum t.d. um börn og foreldra og ekki á erindi út fyrir skólann. Foreldrar verða einnig vitni að eða heyra um atriði sem ekki eiga erindi út fyrir leikskólann. Foreldrar eru því einnig beðnir að virða þessa þagnarskyldu og gæta þess að nafngreina ekki börn og foreldra í umtali sínu og skrifum.

Foreldrar eru beðnir að beina fyrirspurnum og umkvörtunum til viðeigandi aðila þ.e. deildarstjóra eða leikskólalastjóra. Einungis með því móti er hægt að bæta það sem aflaga fer.

Við hvetjum foreldra til að taka virkan þátt í foreldrasamstarfi á Marbakka.

Foreldraviðtöl

Tilgangur foreldraviðtala er að veita gangkvæmar upplýsingar um barn, líðan þess og framgang. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og oftast ef þörf krefur eða foreldrar óska. Boðið er upp á viðtal þegar barn færast milli deilda. Við hvetjum foreldra að láta viðtölin ekki fram hjá sér fara. Ef einhver þroskafrávik eru hjá barni ræða foreldrar og starfsfólk það í viðtölunum og finna sameiginlegar úrlausnir þar að lútandi.

Foreldrafundir

Að hausti er boðið til kvöldfundar þar sem starfsfólkið kynnir starfið á komandi vetri. Á sama fundi er kosið í foreldraráð og starfsemi þess kynnt.

Tilgangur foreldrafunda er að miðla upplýsingum um uppeldisstarfið í leikskólanum. Einnig eru haldnir fræðslufundir og umræðufundir, ýmist á vegum leikskólans eða foreldrafélagsins.

Heimasíða leikskólans:

Vefslóð leikskólans er: <http://marbakki.kopavogur.is>.

Á heimasíðu er að finna upplýsingar um leikskólann og starfið. Á heimasíðu eru líka fréttir og tilkynningar. Foreldrar eru beðnir að fylgjast vel með heimasíðunni.

Tölvupóstur:

Tilkynningar til foreldra eru oft sendar í tölvupósti. Mikilvægt er því að hafa alltaf rétt netfang foreldra.

Fréttabréf

Leikskólinn gefur út fréttabréf til foreldra með helstu upplýsingum um starfið og hvað er efst á baugi hverju sinni. Fréttabréfin eru gefin út efir þörfum, í þeim eru ýmsar upplýsingar til foreldra sem foreldrum ber að lesa vel.

Upplýsingatöflur

Upplýsingatöflur leikskólans eru staðsettar í fataherbergjum og er ætlað að koma á framfæri upplýsingum til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með upplýsingum á töflunni.

Opið hús

Í desember er foreldrum boðið í jólastund með börnum og starfsfólki. Á hverju vori er foreldrum og öðrum ættingjum boðið á sýningu, það er yfirlitssýning á vetrarstarfinu. Opið hús fyrir aðra áhugasama fylgir í kjölfarið.

Starfsmenn leikskólans bjóða foreldrum í morgun/vöflukaffi seinni hluta vetrar og einnig þegar sólin kemur í garðinn aftur í febrúar, þá er boðið upp á „sólarkaffi“. Starfsfólk og foreldraráð hafa samvinnu um grillveislu á sumrin.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag. Landssamtök foreldrafélaga styðja við bakið á foreldrafélögum og veita ýmsar upplýsingar. Tilgangur og markmið félagsins er að standa vörð um hagsmuni og velferð barnanna og stuðla að auknu samstarfi foreldra og starfsmanna leikskólans.

Foreldrar greiða ákveðna upphæð í sérstakan sjóð sem notaður er til að auðga starfið t.d. með ferðum, leiksýningum og ýmsu öðru. Upphæðin er ákveðin af foreldrafélaginu.

Stjórn foreldrafélagsins geri foreldrum grein fyrir ráðstöfun sjóðsins.

Foreldraráð

Skv lögum skal vera foreldraráð við leikskólann. Kosnir eru að lágmarki þrjár fulltrúar og sitja þeir eitt ár í senn. Kosning fer fram í september.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Hagnýtar upplýsingar

Að koma og fara

Leikskólinn leggur áherslu á að taka á vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið. Mjög mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma með barninu þegar komið er í leikskólann og einnig þegar það er sótt, svo það geti lokið við það sem það er að gera. Tekið er á móti börnunum á ákveðnum stöðum til kl. 8.00 en eftir það á hverri deild. Ætlast er til að foreldrar fylgi barninu inn á deildarnar eða þar sem tekið er á móti því ef það mætir fyrir kl. 8.00.

Það er nauðsynlegt að foreldrar láti starfsmann vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það. Foreldrum **ber að virða þann dvalartíma** sem samið hefur verið um. Ætlast er til að barnið mæti tímanlega í leikskólann svo það missi ekki af mikilvægum þáttum í leikskólastarfinu. Það getur verið mjög erfitt fyrir barnið ef það kemur inn í miðja sögu-, hreyfi- eða tónlistarstund. Tíminn frá kl. 11.00-13.00 er sérstaklega viðkvæmur, vegna þess að þá eru matar- og hvíldartímar sem mjög mikilvægt er að trufla ekki. Við biðjum foreldra að taka tillit til þessa.

Ekki er æskilegt að þeir sem koma eða sækja börnin í leikskólan séu undir 12 ára aldri.

Vinsamlegast lokið alltaf hliðinu öryggisins vegna. Athugið að það skapar hættu og er mikill mengunarvaldur að hafa bíla í gangi á bílastæðunum. Læsið einnig bílunum.

Afmæli barnanna- Þegar börn hætta

Afmælisdagur er stór dagur fyrir hvert barn. Haldið er upp á hann í leikskólanum. Kveikt er á kertum, sungið og foreldrum er velkomið að koma með ís til að bjóða börnunum upp á í tilefni dagsins.

Þegar barn hættir í leikskólanum er haldið kveðjuhóf. Mikilvægt er að samvinna sé á milli leikskólans og foreldranna um hvernig haldið er upp á þessa daga.

Leikföng

Ekki hefur almennt verið lagt bann við því að börnin komi með leikföng að heiman, en við biðjum foreldra að hjálpa börnunum að stillið því í hóf, og hafa samráð við starfsmenn deildanna. Yngstu börnin geta t.d. komið með eitthvað “mjúkt og gott” til að hafa í hvíldinni.

Leikskólinn tekur ekki ábyrgð á einkaleikföngum barnanna.

Klæðnaður barna

Mikilvægt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur og hæfi veðri. Mikilvægt er að merkja fatnað barnanna. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér aukafatnað. Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í föt barnanna. Takið tillit til þess.

Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman, einnig einnota klúta til að þrifa börnin með við bleiuskipti. Hólf barnanna þarf að tæma á föstudögum vegna þrifa.

Óhöpp, slys og veikindi

Börn í leikskólum Kópavogsbæjar eru slysatriggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi, eða veikist, er haft samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á slysadeild eða heilsugæslustöð. Trygging tekur ekki til óhappa sem verða á fötum barnsins eða öðru sem það hefur með sér í leikskólann.

Ef barnið þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfnni þannig að lyfin séu gefin heima, en ekki í leikskólanum nema það sé óhjákvæmilegt.

Veikindi barna

Leikskólinn er ætlaður full frískum börnum og gert er ráð fyrir að þau taki þátt í öllu starfi bæði úti og inni. Ekki er hægt að koma í veg fyrir veikindi með því að vera inni.

Börn sem eru veik þurfa að vera í rólegheitum heima þar til þau eru frísk og geta tekið virkan þátt í öllu starfi leikskólans. Ef barn fær smitandi sjúkdóm á það að vera heima þar til smithætta er liðin hjá.

Foreldrar eiga að sækja veik börn í leikskólann svo að veika barnið komist í rólegt umhverfi og til að minnka hættu á að önnur börn og starfsmenn smitist.

Börn þurfa að vera það hress að þau geti tekið fullan þátt í leik og starfi. Útivera er hluti af starfsemi leikskólans og börnum mjög mikilvæg. Stefnt er að því að hvert barn fari út hið minnsta einu sinni á dag.

Fjarvistir barna

Vinsamlegast tilkynnið ef barn er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða fría.

Breytt heimilisfang og breytingar á högum

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla breytingar á högum sínum svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að foreldrar láti deildarstjóra vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins.

Dvalarsamningur

Foreldrar skrifa undir dvalarsamning þegar barn byrjar í leikskólanum. Þar er tilgreindur sá tími sem barnið er í leikskólanum. Foreldrar eru minntir á að virða þann tíma sem samið hefur verið um. Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til dvalarsamninganna.

Dvalartímar

Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfsseminni eða börnunum. Ef foreldrar óska eftir breytingu á, eða viðbót við, dvalartíma barnanna sækja þeir um hjá leikskólastjóra.

Dvalargjöld

Dvalargjald er greitt fyrirfram og er eindagi 10. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir. Ef 3 mánuðir eru ógreiddir er barninu sagt upp leikskólarými, en áður er sent út áminningarbréf.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir leikskólarýmið, nema ef um er að ræða samfelld veikindi barns í meira en hálfan mánuð, þá fæst helmingur dvalargjalds fyrir þann tíma dreginn frá gegn framvísun læknavottorðs.

Einstæðir foreldrar, öryrkjar, með að lámarki 75% örorku, og námsmenn í fullu námi greiða lægra gjald gegn framvísun vottorða.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru fimm á ári. Skipulagsdaga notar starfsfólk til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf sitt. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum og eru þeir auglýstir með a.m.k. fjögura vikna fyrirvara. Foreldrum er kynnt dagskrá skipulagsdags.

Sumarleyfislokun - aðfangadagur og gamlaársdagur

Leikskólinn er lokaður í 2 vikur vegna sumarleyfa. Hvert barn skal þó vera í fjögurra vikna samfeldu leyfi í tengingu við þessar tvær vikur. Lokað er á hádegi (kl. 13.00) síðasta dag fyrir sumarleyfi og opnað á hádegi (kl.13.00) fyrsta dag eftir sumarleyfislokun. Sumarleyfislokun er auglýst með löngum fyrirvara. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlaársdag.

Fræðslu- og menningarsvið

Leikskólinn heyrir undir leikskóladeild, Fræðslu- og menningarsviðs Kópavogs sem er til húsa í Fannborg 2, 2. hæð. Fræðslu- og menningarsvið annast stjórn, rekstur og þjónustu vegna menntunar-, menningar- og íþróttamála í Kópavogi

Starfsmenn leikskóladeildar eru:

Leikskólafulltrúi: Sesselja Hauksdóttir, netfang: sesseljah@kopavogur.is er yfirmaður leikskóladeildar og jafnframt leikskólastjóra og hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskólanna.

Leikskólaráðgjafi: Gerður Guðmundsdóttir, netfang: gerdurg@kopavogur.is er leikskólastjórur og öllum starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar um fagleg málefni, samskipti og samstarf.

Sérkennslufulltrúi: Anna Karen Ásgeirsdóttir, netfang: annak@kopavogur.is sinnir ráðgjöf við starfsfólk leikskóla og foreldra vegna sérkennslubarna.

Símatími: Föstudaga kl. 13-14.

Sálfræðingur, talkennari og iðjuþjálfari eru í hlutastarfi við leikskólana og sinna ráðgjöf við starfsfólk.

Innritunarfulltrúi: Hanna Sigríður Sigurðardóttir, netfang: hannasig@kopavogur.is

sér um skráningu barna á biðlista og innritun í samráði við leikskólastjóra.

Símatímar: Alla daga frá kl. 11 –12, nema miðvikudaga.

Skrifstofan er opin kl. 8.30-15.00 virka daga en skiptiborð er opið til kl. 16.30.

Sími á leikskóladeild er 570-1600. Fax: 570-1601

Með kærri kveðju og ósk um gott og ánægjulegt samstarf, frá starfsfólkinu í Marbakka.



Arkitekt leikskólans: Ásmundur Harðarson og Karl-Erik Rocksén
Viðbyggingu hannaði Vektor
Hönnuður lóðar: Teiknistofa Reynis Vilhjálmssonar og Teiknistofan Storð
Merki skólans hannaði: Maria Teresa Falabella.